

Bifreiðastjórafélaginu er þó heimilt að veita undanþágu og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess. 100
29. júní

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framansögðu.

14. gr.

Á hverri bifreiðastöð skal vera skrá yfir allar þær bifreiðar sem hafa afgreiðslu. Skjal skrá þessi fest þar upp sem bifreiðastjórar eiga greiðan aðgang að og tilgreint í henni skrásetningarnúmer bifreiðar, nafn og heimilisfang bifreiðarstjóra og eiganda.

15. gr.

Úthlutunarmönnum er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundasakir, ef leyfishafi brýtur ákvæði reglugerðar þessarar, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgöngumálaráðuneytisins.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, nr. 40 29. maí 1957, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1957.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum. 101
27. júní

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
9. Ólafsfjarðar	3. maí 1957.
10. Kópavogs	20. júní 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.